

Nd.

156. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjardal í Öxarfirði.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Steingr. Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja eiganda Gilsbakka í Öxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi.

2. gr.

Söluverð jarðarinnar fer eftir mati dómkvaddra manna og greiðsluskilmálar eftir því, sem venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður þessa frv. eru í eftirfarandi bréfi frá umsjónarmanni þjóð- og kirkjujarða:

„DÓMS- OG KIRKJUMÁLARAÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 3. apríl 1941.

Út af beiðni hr. Benjamíns Sigvaldasonar um kaup á eyðijörðinni Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi, vil ég samkvæmt beiðni hans gefa eftirfarandi álit mitt á málinu og lýsingu á landinu.

Jörðin hefur lengi verið eyðijörð og hefur lítil skilyrði til þess að byggjast aftur. Land jarðar þessarar er fremur lítið. En aðalágallar á jörðinni til þess að byggjast aftur eru þeir, að hún er nær því slægjulaus, landið að mestu vaxið kjarri eða skógi og túnið mjög lítið og liggur undir skemmdum, m. a. af kjarrgróðri.

Auk þess liggur landið undir sífelldum ágangi frá öðrum jörðum, sérstaklega Gilsbakka.

Eyðijörð þessi virðist því mjög illa fallin til nýbýlis.

Land eyðijarðar þessarar liggur að landi Gilsbakka og hefur skóglendi, að gróðri til sameiginlegt með Gilsbakka. Ef friða ætti hluta af skóglendi þessu, sem væri æskilegt, væri heppilegast að friða sameiginlegt stykki úr báðum jörðunum.

Ég álit, að eyðijörð þessi sé mjög lítils virði fyrir ríkissjóð, og að það sé eðlilegast bæði vegna legu hennar og gróðurs, að hún liggi undir Gilsbakka.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

Til herra alþingismanns Gísla Guðmundssonar, Alþingi.“